

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Teitsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 14. febr. 14. febrúar 1935. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Teitsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Teitsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátnum eignum Teits Hannessonar úr Andakílshreppi í Borgarfirði, en síðar bónda í Whatcom Country í Washington í Bandaríkjunum, samkvæmt erfðaskrá hans, dagsettri 7. dag júnimánaðar 1919, og er svo ákveðið í erfðaskránni, að sjóðurinn skuli vera til minningar um móður arfleiddandans, Guðrúnu Teitsdóttur frá Hvítárósi í Andakílshreppi í Borgarfirði, konu Hannesar Jónssonar frá Hvanneyri, og bera nafn hennar. Eftirlátnar eigur Teits Hannessonar, sem andaðist í Blaine í Washington hinn 5. dag aprilmánaðar 1927, námu samtals 4833.80 dollurum. Með þeirri upphæð var sjóðurinn stofnaður og tók til starfa árið 1929.

Reglur þær, sem sjóðnum eru hér settar, eru samkvæmt ákvæðum erfðaskrárinnar, með hliðsjón af Hæstaréttardómi, sem gengið hefir um skilning þeirra ákvæða, 11. janúar 1932.

3. gr.

Sjóðurinn skal um aldur og æfi vera undir umsjá landlæknisins á Íslandi, eða þess embættismanns, sem þau aðalstörf hefir með höndum, er landlæknirinn hefir nú.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan geyma og ávaxta á sem tryggastan og arðvænlegastan hátt, t. d. í Landsbanka Íslands, í bankavaxta-, ríkisskulda- eða ræktunarsjóðsbréfum.

5. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til hjálpar bágstöddum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum á þann hátt, er hér greinir:

1. Þegar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 1000.00, en ekki fullum kr. 1500.00, skal verja kr. 700.00 af ársvöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgang vaxtanna skal leggja við höfuðstól sjóðsins.

14. febr. **14**
2. Þegar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 1500.00, en ekki fullum kr. 2500.00, skal á sama hátt verja kr. 1000.00 af vöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgang vaxtanna skal leggja við höfuðstól sjóðsins.
 3. Þegar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 2500.00, skal á sama hátt verja kr. 1250.00 af vöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgangi vaxtanna skal varið til hjálpar ungu, berklaveiku fólki.

6. gr.

Sjóðurinn skal jafnan vera undir sem fyllstu eftirliti á þann hátt, sem fyrir kann að verða mælt um vörzlu opinberra sjóða, og reikning hans skal birta árlega í Lögbirtingablaði ríkisstjórnarinnar eða á annan tilsvarendi hátt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

L a n d l æ k n i r i n n .

Reykjavík, 11. febrúar 1935.

Vilm. Jónsson.

15. febr. **15**

AUGLÝSING

um staðfestingu kennslumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd fyrir Ytra-Akranesskólahérað í Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Ytra-Akranesskólahéraði í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Í umdæmi skólanefndar Akraness er bannað að selja börnum innan 16 ára aldurs. Bannað er og að gefa þeim tóbak eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.

2. gr.

Bönnuð er sala á spítubrjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum sælgætisvörum, sem að dómi skólanefndar eru óhollar börnum og unglingum.